



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hrafnkell A. Proppé, svæðisskipulagsstjóri

Hamraborg 9

200 Kópavogur

10. júlí 2017

MÍ201703-0039/6.08/ G.G.G.

Efni: Borgarlína - breyting á svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæði – vinnslutilaga.

Minjastofnun Íslands hefur móttekið bréf Hrafnkels Á. Proppé svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 30.5.2017, þar sem óskað er umsagnar Minjastofnunar Íslands um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Samhliða eru auglýstar tillögur að breytingum á aðalskipulagi hvers sveitarfélags; Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar. Vísað er til gagna á vefsíðunni ssh.is: *Svæðisskipulagið - Höfuðborgarsvæðið 2040. Vinnslutilaga vegna breytinga á svæðisskipulagi, dags. maí 2017*, þar sem jafnframt er að finna gögn um breytingar á aðalskipulagi hvers sveitarfélags. Þar er gerð grein fyrir legu Borgarlínu, staðsetningu kjarnastöðva og líklegum áhrifasvæðum Borgarlínu.

Í 16 gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012 segir: „*Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.*“ og jafnframt að skipulagsyfirvöld skuli „*hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa, og mannvirkjaskráum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi.*“

Vísað er til umsagnar Minjastofnunar um skipulagslýsingu dags. 7.4.2017, þar sem fram kemur: „Til þess að Minjastofnun geti metið áhrif framkvæmdanna á fornleifar, hús og mannvirki, þarf að liggja fyrir fullnægjandi minjaskráning á áhrifasvæði framkvæmdanna. Staða fornleifa- og húsaskráningar er nokkuð misjöfn eftir sveitarfélögum og sömuleiðis gæði og aldur gagna. Í flestum, ef ekki öllum tilvikum, þarf að uppfæra gögnin svo þau standist nógildandi staðla.“

Svæðisskipulagið – Höfuðborgarsvæði 2040

Í tillögunni: *Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040. Vinnslutilaga vegna breytinga á svæðisskipulagi. Verklýsing vegna breytinga á svæðisskipulagi*, dags. maí 2017, er fjallað um meginrætti legu samgöngu- og þróunarása fyrir Borgarlínu. Á kortum sem sýna legu línunnar má sjá að hún mun að verulegu leyti liggja um þegar byggð hverfi og í kafla 2.2 kemur fram að markmiðið sé að „sveitarfélög geti þétt byggð í miðkjörnum og við línuna og vaxið án þess að brjóta nýtt land undir byggð ..“. Í kafla 4.3 kemur fram að gert er ráð fyrir þéttingu byggðar innan þróunarsvæða, sem verði nánar útfært þegar kemur að deiliskipulagi eða framkvæmdahönnun uppbyggingaráfanga Borgarlínu.

Breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna borgarlínu fela því í sér áform um umfangsmiklar framkvæmdir sem ætla má að muni hafa töluverð áhrif á friðaðar og friðlýstar fornleifar, hús og mannvirki.

Í kafla 5. *Umhverfisskýrsla* er gerð grein fyrir hvernig unnið verður að mati á umhverfisáhrifum. Þar kemur fram að mat byggir á því að skoða helstu áhrifaþætti og skilgreina umhverfisþætti sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna Borgarlínu. Í töflu í kafla 5.2 (bls. 10) eru sett fram viðmið og matsspurningar en þar er ekki minnst á hugsanleg áhrif framkvæmda á menningarminjar, sem tvímælalaust þarf að skoða og meta. Nauðsynlegt er að bæta við spurningu um hvort valkostur hafi áhrif á menningarminjar, á sama hátt og gert er um útivist/óraskað land/náttúruverndarsvæði.

Í kafla 5.5 *Umhverfismat breytingartillögu* er fjallað um manngert umhverfi og þéttingu byggðar meðfram Borgarlínu. Þar er ekki minnst á menningarminjar; fornleifar, hús og mannvirki, þó augljóst sé að fyrirhuguð þétting byggðar mun koma til með að hafa áhrif á minjar. Síðar í sama kafla er vísað til *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* um sjálfbært skipulags þéttbýlis og í því sambandi má minna á að þar kemur fram í kafla 3.3.1 *Gæði byggðar og bæjarrýma*: „Jafnframt verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda.“

Markmið með skráning menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að fá yfirlit yfir minjarnar og leggja mat á varðveislugildi þeirra. Niðurstaða skráningar og mats á varðveislugildi fornleifa, húsa og mannvirkja getur haft áhrif á hvar línurnar verða lagðar og því er það hagur allra að skráning menningarminja liggja fyrir áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar um legu línunnar, staðsetningu kjarna og þróunarása. Þetta á við í öllum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

Breyting á aðalskipulagi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Samhliða auglýsingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins eru auglýstar breytingar á aðalskipulagi hvers sveitarfélags, sem eru kynntar sem *Vinnslutillaga breytingar á aðalskipulagi. Samgöngu- og þróunarás höfuðborgarsvæðisins.*

Hér á eftir fara athugasemdir Minjastofnunar Íslands sem eiga við tillögur allra sveitarfélaganna.

Til þess að Minjastofnun geti tekið afstöðu til fyrirbyggjandi tillagna um breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um legu borgarlínu verður að liggja fyrir skráning menningarminja á fyrirhuguðum línustæðum og áhrifasvæðum borgarlínu. Fram kemur á

þemakorti hvers sveitarfélags að áhrifasvæði borgarlínu er að verulegu leyti innan fastmótaðrar byggðar, þar sem fyrirsjáanlegt er að séu menningarminjar; fornleifar, hús og mannvirki sem skylda er til að skrá vegna skipulags, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Í greinargerðum sveitarfélaganna með vinnslutillögu að breytingum á aðalskipulagi er fjallað um menningarminjar í kafla 5.6 *Umhverfismat*. Þar kemur fram að við vinnslu breytingartillögu verði aflað frekari upplýsinga um skráningu minja. Þetta er ekki fullnægjandi því við gerð aðalskipulags skulu liggja fyrir upplýsingar sem gefa greinargóða mynd af menningarminjum; fornleifum, húsum og mannvirkjum innan skipulagssvæðisins. Í greinargerð með breytingu á aðalskipulagi skal gera grein fyrir minjum og meta áhrif sem breytingin mun hafa á þær.

Um lágmarkskröfur sem gerðar eru til fornleifa- og húsaskráningar er að finna í stöðlum Minjastofnunar Íslands um fornleifa- og húsaskráningu og nálgast má á heimasíðu stofnunarinnar, www.minjastofnun.is Samkvæmt þeim skulu fornleifar mældar upp og færðar á kortagrunn. Skrásetjari skal jafnframt kanna svæðið vandlega og ganga úr skugga um hvort hugsanlega séu fleiri minjar innan skilgreinds skráningarsvæðis en þær sem þegar eru þekktar. Á aðalskipulagsstigi skal skrá þau svæði sem fyrirsjáanlegt er að framkvæmdir fari fram á, á gildistíma skipulagsins. Fornleifaskráning samkvæmt stöðlum Minjastofnunar er jafnframt fullnægjandi fyrir deiliskipulagsstig og vegna undirbúnings framkvæmda.

Hvað varðar skráningu húsa og mannvirkja vegna gerðar aðalskipulag skal gera grein fyrir:

- Friðlýstum hús og mannvirkjum. Heiti/heimilisfang. Byggingarár. Staðsetning/hnit.
- Friðuðum húsum og mannvirkjum, 100 ára eða eldri. Heiti/heimilisfang. Byggingarár. Staðsetning/hnit.
- Húsum og mannvirkjum byggð 1925 eða fyrr og kirkjum byggðar 1940 eða fyrr. Heiti/heimilisfang. Byggingarár. Staðsetning/hnit.

Eins og þegar hefur komið fram er staða fornleifa- og húsa- og mannvirkjaskráningar nokkuð misjöfn eftir sveitarfélögum og sömuleiðis gæði og aldur gagna. Í flestum, ef ekki öllum tilvikum, þarf að uppfæra

eldri gögn svo þau standist nógildandi staðla. Sveitarfélögin þurfa því öll að láta yfirfara eldri skráningar innan áhrifasvæða borgarlínu í samræmi við reglur Minjastofnunar Íslands. Samkvæmt 15. gr. laganna telst skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja ekki lokið fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar. Að því loknu þarf skipulagstillagan að koma inn á ný til umsagnar stofnunarinnar.

Í 16. gr. laga um menningarminjar er kveðið á um að Minjastofnun sé heimilt sé að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins og jafnframt að sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skuli standa straum af kostnaði við skráninguna.

Starfsmenn Minjastofnunar eru reiðubúnir til að funda með sveitarfélögunum og ráðgjöfum þeirra við skipulagsgerð um það hvernig verði staðið að skráningu menningarminja, fornleifa, húsa og mannvirkja í tengslum við breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna Borgarlínu.

Ef frekari upplýsinga er óskað skal hafa samband við undirrituð.

Virðingarfyllst,



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis



Þór Hjaltalín
sviðsstjóri minjavarðarsviðs

Samrit sent:

Garðabæ

Hafnarfjarðarkaupstað

Kópavogsbæ

Mosfellsbæ

Reykjavíkurborg

Seltjarnarnesbæ

Afrit sent: Skipulagsstofnun

